



## Foreldrakynning í Tígrishæ 14. september 2011

**Myndrænt val á milli skála :** Í myndrænu vali fá börnin að velja um skála og í mismunandi skála er eitthvað nýtt að gera. Þau eru í því vali í ákveðin tíma áður en þau fá að velja sér eitthvað nýtt. Hvert barn er með sitt nafn. Við notum segultöflur og því auðvelt að færa á milli. Notum líka segultöflurnar til að merkja hvort þau fari út.



**Smiðjur:** Verður hjá okkur tvisvar sinni í viku, á þriðjudögum og fimmtudögum. Þar blöndum við saman öllum krökkunum og þau fá að velja sér smiðju eftir áhugasviði. Í sumum smiðjunum erum við með takmarkaðan fjölda og þá skrifum við niður nöfn þeirra sem fara í hópinn. Smiðjurnar fara eftir áhugasviðið starfsmannanna og hver starfsmaður sér um að skipuleggja sína smiðju.




**Síðdegishressing:** Um leið og fyrsti bekkur kemur í Tígrishæ í lok skóladags fá þau að borða hjá okkur. Annar til fjórði bekkur borðar á eftir þeim. Við erum með ýmislegt skemmtilegt í boði. Meðal þess sem boðið er upp á er brauð (ristað, grillað eða með áleggi), ab-mjólk, skyr, tortillur, pítur, hrökkbrauð, flatkökur og skonsur svo eitthvað sé nefnt. Börnin fá mjólk og vatn að drekka, einstöku sinnum fá þau kakómjólk og í fáum tilfellum fá þau djús.



**Ávaxtastund:** Rétt fyrir klukkan fjögur eru ávextir í boði Tígrishæjar, við reynum að hafa gott úrval svo allir geti fengið eitthvað sem þeim líkar.

**Frikað fjör:** Síðasta daginn í hverjum mánuði í vetur erum við að gera eitthvað annað en við gerum hina daga vikunnar. Dagskrá fyrir þessa daga birtist á heimasíðunni okkar. Við höfum verið með náttfatapartý, bingó, playstation, dótadag, hattadag o.s.frv.



**Skráning fyrir langa daga:** Langir dagar eru þegar það eru foreldraviðtöl, starfsdagar eða jóla- og páskafrí í Rimaskóla. Þá bjóðum við í Tígrishæ upp á þjónustu frá klukkan 8:00 á morgnana til klukkan 17:15. Það þarf að skrá sérstaklega fyrir þessa þjónustu og það er einnig greitt aukalega, 1.500 kr., fyrir þjónustuna frá kl. 8:00. Þeir sem eru í sveigjanlegri þjónustu og eru allan daginn borga tvöfalt gjald, það þarf einnig að semja sérstaklega um það að vera eftir hádegi. Það er mjög mikilvægt að allir foreldrar skili inn skráningablaði hvort sem þeir ætla sér að nýta þjónustuna eða ekki. Það er alltaf ákveðinn frestur til að skila blaðinu og eftir þann dag er ekki tekið við skráningu. Ef börn eru ekki skráð þá getum við ekki tekið á móti þeim á langa deginum.

**Starfsdagur frístundaheimilanna:** Öll frístundaheimili í Reykjavík eiga rétt á að taka sér einn starfsdag á hvorri önn. Þessir starfsdagar verða 23. nóvember 2011 og 21. mars 2012 í Grafarvoginum. Þá er lokað í Tígrið. Einnig er lokað í vetrarleyfum skólans.



**Heimasíðan okkar:** Við reynum að vera dugleg að setja inn myndir og frétt vikulega á heimasíðuna okkar. Þar er einnig hægt að finna dagskrá, Tígriðdagatal, dagskrá fyrir fríkaða föstudaga, skráningablað fyrir langa daga og frístundapésann sem er gagnlegur foreldrum. Endilega prentið út Tígriðdagatalið því þar eru allar upplýsingar varðandi langa daga, hvenær skráningarblöð fara út, hvenær á að skila þeim o.s.frv.

**Uppsögn:** Ef foreldri ætlar að segja upp dvöl barnsins þarf það að gerast fyrir 15.hvers mánaðar svo það taki gildi mánaðarmótin á eftir..

**Fatnaður:** Nauðsynlegt er að börnin hafi aukaföt því oft eru börnin rennandi blaut eftir langan skóladag. Einnig hvetjum við alla til að merkja fatnaðinn.

**Símhringingar:** Við viljum biðja ykkur um að halda símhringingum í lágmarki því það truflar starfið og tíma barnanna ef starfsfólk þarf oft að svara símanum. Við erum núna með yfir 100 börn og ef allir myndu hringja á hverjum degi væri ekki hægt að halda úti starfi. Ef þið viljið láta breyta dvalartíma barnsins eða hvort að barnið labbi eða sé sótt þá hafið þið samband við okkur í gegnum netfangið [tigrisbaer@itr.is](mailto:tigrisbaer@itr.is) eða í síma 695-5196 fyrir hádegi.

